

94. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
02.05.2018 kl. 8:15 – 09:45

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Helga Árnadóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Helga Árnadóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon og Hrafnkell Guðnason.

Fjarverandi: Bjarni Guðmundsson, Katrín Jónsdóttir, Þorvarður Árnason, Ragnhildur Jónsdóttir og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

1. Áheyrnarfulltrúar í stjórn Nýheima þekkingarseturs

Framhald af umræðum frá síðasta fundi stjórnar um þann möguleika að aðrar stofnanir en þær sem eiga aðild að Nýheimum þekkingarsetri hefðu áheyrnarfulltrúa í stjórn.

Ákveðið að hafa ekki áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum en bæta enn frekar upplýsingagjöf frá stjórn í gegnum vinnu teyma, senda fundargerð á alla starfsmenn í Nýheimum og bjóða oftar gestum á fundi stjórnar þegar við á.

2. Stefnumörkun Nýheima

Farið var yfir stefnumörkun Nýheima þekkingarseturs og hún samþykkt.

3. Ungt fólk og Nýheimar

Hugrún Harpa greindi frá hugmynd um framkvæmd rýnihópa í tengslum við mótu Nýheimaverkefna er snúa að málefnum ungs fólks á svæðinu. Vilhjálmur vakti máls á því að tengja mætti ungmennaráð inní vinnuna. Eyjólfur lagði til að rýnihópar samanstæðu ekki eingöngu af ungu fólk heldur yrðu einnig í hópnum aðilar sem vinna að málefnum ungs fólks á svæðinu. Kristín sagði frá því að á fundi menningarteymis hafi komið fram sú hugmynd að kynna félagsstarf í sveitarféluginu snemma í haust, með áherslu á ungt fólk. Almennar umræður sköpuðust um málefni ungs fólks á landsbyggðinni. Forstöðumanni falið að vinna að málínu á þessum nótum.

4. Þekkingarsetur og byggðaþróun

Hugrún Harpa greindi frá því að Nýheimar þekkingarsetur hlaut styrk frá Byggðarannsóknasjóði fyrir verkefni um þekkingarsetur og byggðaþróun. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Þekkingarnet Þingeyringa og Háskólfélag Suðurlands. Stjórn fagnar því að verkefnið komist nú til framkvæmda.

5. Önnur mál

Eyjólfur ræddi málefni veitingasölu næsta veturnar.

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Hugrún Harpa Reynisdóttir

Fundi slitið klukkan 09:25